

Starfspróun í ferðaþjónustu

SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Lok verkefnis: 12.08.2020

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Starfspróun í ferðaþjónustu. Símei - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

2. Um verkefnið

Verkefnið snerist um að finna með hvaða hætti nýta megi aðferðir framhaldsfræðslunnar til þess að efla starfspróun innan einyrkjafyrirtækja í ferðaþjónustu, og að búa til líkan/módel (verkferla) sem hægt er að styðjast við. Haldnar voru vinnustofur í verkefninu með eigendum fyrirtækja yfir tveggja ára tímabil þar sem unnið var með færni fyrirtækjanna í markaðssetningu og þjónustu.

3. Markmið verkefnis

Markmiðið að efla minni fyrirtæki í ferðaþjónustu og auka gæði þeirra.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Fyrirtæki í Ferðamálafélagi Eyjafjarðarsveitar tóku þátt. Hæfnisetur ferðaþjónustunnar komu að því að útvega verkfæri og skipuleggja hvernig hægt væri að mæla árangur á fræðslunni sem farið hafur fram á meðan verkefninu hefur staðið og mun fara fram eftir að verkefninu lýkur.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Líkanið skapar leið fyrir starfsmenn og fyrirtæki að gera hæfni sýnilega og eflir símenntun og starfspróun í geiranum. Tilgangurinn er jafnframt að gera nýliðaþjálfun einfaldari og skilvirkari, ekki síst innan lítilla fyrirtækja.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Módel um verkferla sem nýtist í áframhaldandi vinnu við að auka hæfniþróun í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum og svæðisbundni samvinnu fyrirtækja.